

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Brekkuhvarf 24. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 4. nóvember 2024 breytingu á deiliskipulaginu „Vatnsendi – Hvörf“ fyrir lóð nr. 24 við Brekkuhvarf. Í breytingunni felst að heimilt er að breyta hesthúsi í vinnustofu. Byggingarmagn og nýtingarhlutfall lóðarinnar er óbreytt. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Salahverfi. Jórsalir 2. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 24. september 2024 breytingu á deiliskipulagi Salahverfis fyrir lóðina nr. 2 við Jórsali. Í breytingunni felst að byggja garðhús, 48 m² að flatarmáli á norðvesturhluta lóðarinnar. Garðhúsið verður að mestu leyti neðanjarðar og stendur 1,3 m upp úr jörðu. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 3. desember 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. desember 2024